



Ársskýrsla Suðurnesjadeildar 2017 - 2018

Í stjórn eru :

Viktoría Magnúsdóttir, formaður
Gunnhildur Agnes Þórisdóttir, varaformaður
Ingibjörg Anna Bjarnadóttir, gjaldkeri
Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir, ritari
Íris Ósk Davíðsdóttir, meðstjórnandi
Grazyna Wroblewska, varamaður

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 15 október 2018 í fundarsal 3 hæð á HSS og mættu 19 sjúkraliðar á þann fund.

Fundarstjóri var Matthildur Ólof Guðmundsdóttir.
Fundarritari var Steinunn Bára Þorgilsdóttir.
Gengið var til dagskrár

Jóhanna Jóhannesdóttir og Jóna Kristjana Sigurðardóttir gengu úr stjórn. Í þeirra stað gengu í stjórn Íris Ósk Davíðsdóttir og Gunnhildur Agnes Þórisdóttir. Lögð var fram fjárhagsáætlun og hún samþykkt. Endurskoðendur reikninga eru Helga Kristín Guðmundsdóttir og Guðmunda Benediktsdóttir.

Á síðasta ári voru haldnir 5 stjórnarfundir og á fyrsta stjórnarfundinum þann 20 janúar 2018 skipti stjórnin með sér verkum. Ákveðið var að Gunnhildur Agnes Þórisdóttir yrði varaformaður, Ingibjörg Anna Bjarnadóttir yrði áfram gjaldkeri, Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir yrði áfram ritari, Íris Ósk Davíðsdóttir meðstjórnandi og Grazyna Wroblewska varamaður.

Helstu verkefni þetta árið fyrir utan stjórnarfundir var að Viktoría Magnúsdóttir sat árlegt fulltrúafundur SLFÍ í maí. Að auki sat formaður 3 félagsstjórnarfundir, trúnaðarmannaráðsfundur SLFÍ og fór á ráðstefnu Evrópusambands Sjúkraliða, EPN, í Færeyjum sem var mjög áhugaverð og skemmtileg í frábærum félagsskap.

Ingibjörg Anna Bjarnadóttir var við útskrift sjúkraliða hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja í maí. Þar sem 5 sjúkraliðar útskrifuðust og veitti þeim viðurkenningu og blóm. Einnig var hún við útskrift sjúkraliða í desember þar sem einn sjúkraliði útskrifaðist. En það er mjög leiðinlegt að segja frá því að næsta útskrift er ekki fyrr en 2020 í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Formaður var í sambandi við trúnaðarmenn og fór yfir stöðuna hjá þeim. Evrópudagur sjúkraliða er haldinn 26. nóvember ár hvert og héldu sjúkraliðar upp á hann með því að koma með kökur á vinnustað og bjóða vinnufélögum upp á kræsingar. Haldið var upp á árlega jólagleði, farið var á jólahlaðborð á veitingastaðnum Ránni, þar sem Bjarni Ara skemmti gestum undir borðhaldi. Sjúkraliðar voru mjög ánægðir með þetta kvöld.

Farið var í hina árlegu haustferð 23. ágúst. Í þetta sinn var farið til Vestmannaeyja. Þetta var mjög vel heppnuð og skemmtileg ferð. Endurtaka á haustferð að ári. Kom upp hugmynd um að fara til Þórsmerkur.

Haldinn voru 3 námskeið í samvinnu við Símenntun. Erfitt gengur að ná þátttöku á námskeiðin. Skipt hefur verið um trúnaðarmenn á öllum stofnunum og deildum á Suðurnesjum. Næst á að skipta um trúnaðarmenn fyrir 30. september 2020 og eftir það annað hvert ár.

Búið er að taka morgunstubbanana af sjúkraliðum á HSS okkur til mikillar ánægju. En enn þá eru kvöldstubbbar

Nýr stofnanasamningur hefur verið gerður við sjúkraliða sem gildir til 31. mars 2019 og einnig tókst að semja um bókun um heimahjúkrun þar sem segir að aðilar séu sammála um að í stofnanasamningi þurfi að taka á þeirri ábyrgð sem fylgi störfum í heimahjúkrun. Ekki er borgað fyrir ferðir þó svo að ekki séu strætósamgöngur sem hægt er að nýta sér á allar vaktir, einnig er ekki greitt samningsbundið fæðisfé á kvöldin og um nætur þegar mötuneytið er lokað.

Stjórnin vill þakka góðar stundir á liðnu ári.

Viktoría Magnúsdóttir, formaður.